

Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands

Skýrsla til stjórnar félagsins um starfsemina á árinu 2006.

Á skýrslufundi fyrir árið 2005 sem haldinn var 19. janúar 2006 var gerð sú breyting á samþykktum Öldungadeildar að Öldungaráð skyldi skipað 5 mönnum í stað þriggja. Einnig var ákveðið að kjósa varamann í öldungaráð.

Eftirtalin voru kjörin í öldungaráð fyrir árið 2006:

Ágúst Úlfar Sigurðsson, Jóhann Gunnarsson, Oddur Benediktsson, Óttar Kjartansson og Örn Kaldalóns. Bergþóra Ketilsdóttir er varamaður.

Félagsstarf

Öldungaráð hélt 2 fundi á árinu, 28. mars og 30. nóvember. Félagsfundur var haldinn 25. apríl í húsakynnum Skýrr hf að Ármúla 2. Er fyrirtækinu þakkað fyrir hádegishressingu, fræðslu um fyrirtækið og leiðsögn um húsakynni. 13 manns sóttu þennan fund. Annar félagsfundur var haldinn 10. október, sóttur af 10 félögum. Í samræmi við stefnu sína um tengsl við faghópa boðaði stjórn SKÝ öldungaráð til fundar 9. mars þar sem farið var yfir starf félagsins og rætt hvernig SKÝ gæti stutt starf Öldungadeildar. Félagaskrá telur 35 manns í árslok 2006.

Þegar meta skal hversu miðað hafi á verksviði félagsins, „*varðveislu sögulegra gagna og heimilda, í hvaða formi sem er, um vélræna gagnavinnslu og notkun upplýsingatækni á Íslandi*“ verður að hafa hugfast að verkefnið er víðtækt og afrakstur heimildasöfnunar verður ekki sýnilegur fyrr en aðstaða fæst til að koma minjum fyrir á aðgengilegum stað. Á meðan slíkur staður er ekki fyrir hendi er unnið á ýmsum vettvangi að verkefnum sem gætu orðið stofn að safni þegar tekst að koma þeim saman í eina heild. Hér verður minnst á nokkur atriði sem unnið hefur verið að.

Söguvefur

Söguvefurinn hefur fengið snotran og áberandi hnapp á forsíðu vefs Skýrslutæknifélagsins þar sem komast má beint inn á upphafssíðu hans. Hins vegar hefur lítið bæst við af efni. Er ástæða til að hafa áhyggjur af því að mikilvæg vitneskja hverfi ef ekki tekst að koma henni á framfæri á meðan öldungar upplýsingatækninnar eru enn minnugir þess helsta sem gerðist. Ekki vantar að öldungar hvetji hver annan á fundum og þegar þeir hittast við önnur tækifæri, en sem sagt, vefstjóri bíður spenntur eftir nýju efni.

HiNC-2

Liður í því að koma nýju efni á framfæri gæti verið þátttaka í ráðstefnum um sögu upplýsingatækninnar. Ein slík er ráðgerð í Finnlandi næsta sumar, History of Nordic

Computing, HiNC-2, en sem kunnugt er var HiNC-1 að segja má til þess að okkar virðulega Öldungadeild var stofnuð (sjá ársskýrslu 2004).

Öldungaráð hafði uppi hvatningaraðgerðir til að fá fólk til að senda inn ágríp að erindum Leiddu þær til þess að fjögur ágríp voru send frá Íslandi. Þegar þetta er ritað er ekki enn lokið yfirferð dagskrárnefndar yfir innsend ágríp, sem voru alls 24. Hlutur okkar Íslendinga þar í er því allavega góður hvort sem miðað er við mannfjölda eða annað. Þess má geta að Oddur Benediktsson og Jóhann Gunnarsson eiga sæti í dagskrárnefnd.

Minjasöfnun

Nokkur erindi hafa borist meðlimum öldungaráðs þar sem greint er frá tölvubúnaði sem til standi að farga, en væri heimill félaginu til varðveislu ef það gæti við tekið. Því miður hefur yfirleitt ekki verið unnt að taka slíkum tilboðum. En gott er til þess að vita hve margir hugsa þó til Öldungadeildar þegar svona tilvik koma upp. Ber vafalaaust að þakka það Skýrslutæknifélaginu, vef þess og fundarboðum sem send hafa verið á alla félagsmenn þess.

Síðla árs barst eitt slíkt skeyti frá fyrirtækinu Vistor, þar sem í boði voru gamlar tölvur frá Wang og HP. Um svipað leyti hafði orðið vart við áhuga hjá forsvarsmönnum Reykjanesbæjar fyrir því að koma upp UT-safni, og var í því sambandi horft til bygginga á Keflavíkurflugvelli. Málið hefur verið rætt við bæjarstjórnann, en þar sem engin ákvörðun liggur enn fyrir um framtíð þessara bygginga hefur heldur engin skuldbinding verið gefin. Sá áfangi náðist þó að Reykjanesbær tók við þessum tölvubúnaði til geymslu. Má telja það tryggja vísbendingu um raunverulegan áhuga. Öldungaráð mun hafa samband við bæjarstjóra og menningarfulltrúa Reykjanesbæjar varðandi framhald málsins.

Sem betur fer er það ekki algilt að fyrirtæki hendi öllum tæknibúnaði um leið og hann er tekinn úr notkun og verður úreltur. Í tengslum við 120 ára afmæli Landsbankans hefur verið dreginn fram í dagsljósið ýmis tæknibúnaður sem þar hefur verið notaður í gegn um tíðina, þar á meðal nokkuð af upplýsingatæknibúnaði, svo sem IBM 632 skrifandi reiknivél, er notuð var í Veðdeild bankans í allmörg ár upp úr 1960 til að halda utan um húsnæðislán þess tíma. Hefur nokkuð af þessum búnaði verið hreinsað og fágað og sett upp á veglegri sögusýningu Landsbankans í ársbyrjun 2007. Vonast má til að Landsbankinn muni framvegis sem hingað til meta að verðleikum og varðveita þau menningarverðmæti sem í slíku safni eru fólgin.

Í framhaldi af bréfaskiptum Skýrslutæknifélagsins við yfirstjórn Landsbankans var félagi í Öldungadeildinni og fyrrum starfsmanni bankans til langs tíma, Sveinbirni Guðbjarnasyni, heimilað að ljósrita úr skjalasafni bankans tilboð frá IBM á Íslandi dagsett 1964 og 65 í tölvukerfi, vél- og hugbúnað fyrir sparisjóðsdeild bankans. Má víst telja að hér séu á ferðinni fyrstu íslensku tilboðin í heildarlausn gagnavinnslu í tölvu. Er það merkileg heimild þótt ekki hafi orðið úr framkvæmdum fyrr en seinna, og þá með öðrum vélbúnaði. Ljósritið er varðveitt hjá formanni á meðan ekki er fastur samastaður til.

Ásmundur Brekkan læknir hefur sent félaginu hefti af Læknablaðinu, 3. tölublaði 69. árgangs, 15. mars 1983, þar sem birt er ritgerð hans *Notkun tölvugeymdra upplýsinga um starfsemi röntgendeilda. Yfirlit yfir aðferðir og tækni við skráningu, geymslu og úrvinnslu upplýsinga*. Ásmundur var forstöðumaður röntgendeildar Borgarspítalans, sem hóf fyrst deilda spítalans starfsemi sína í Fossvoginum árið 1966. Ritgerðin lýsir brautryðjandaverki á sviði upplýsingatækni og er merk heimild um vönduð vinnubrögð sem þarna voru viðhöfð. Helgi Sigvaldason segir í grein í sama hefti er hann nefnir *Hugleiðingar um tölvunotkun*: „Rit Ásmundar Brekkan *Notkun tölvugeymdra upplýsinga um starfsemi röntgendeilda* lýsir tilurð einnar af þessum fyrstu véltæku læknisfræðiskráum hér á landi. Verulegur fengur er að lýsingu þessarar brautryðjendavinnu, sérstaklega vegna þess að aflað er gagna mjög víða að um fræðilegan grundvöll s líkrar skrásetningar“.

Húsnæðismál

Í framhaldi af samþykkt síðasta skýrslufundar var stofnuð húsnæfnd og leitað til stjórnar SKÝ um að tilnefna fulltrúa í hana. Við því var drengilega brugðist og var Einar H. Reynis tilnefndur ásamt formanni og Sveinbirni Guðbjarnasyni. Nefndin hélt einn fund 21. mars og ákvað að auglýsa í Tölvumálum og á vef félagsins eftir stuðningi fyrirtækja innan SKÝ sem kynnu að hafa umráð yfir húsnæði sem hentaði. Enginn brást við þessu kalli. Nefndin óskaði einnig eftir því við stjórn SKÝ að gert yrði ráð fyrir einhverri aðstöðu fyrir Öldungadeildina ef SKÝ færi í nýtt húsnæði eins og á döfinni var vegna áforma um breytingu á skipulagi. Úr þeim áformum hefur ekki orðið og þar af leiðandi engin breyting á húsnæðismálum SKÝ.

Lokaorð

Svo sem sjá má af ofanrituðu hefur ýmislegt gerst sem telja má til framdráttar málstað Öldungadeildar. En betur má gera. Öldungaráð 2006 skorar á alla félagsmenn og aðra áhuga sama um varðveislu sögunnar að leggja sitt af mörkum. Jafnframt er þeim þakkað sem lagt hafa málstaðnum lið á undanförunum árum.